

1862.

24. októberm. stiptamtmaður, dagsettu 15. dag ágústm. þ. á., hefir Wulff verzlunarstjóri í Reykjavík farið þess á leit, að Talleria skipstjóra frá Bilbao, er kom í júlímánuði í sumar er leið, á spönsku skipi að nafni Tres Hermanos, á Keflavíkur verzlunarstað innan Gullbringu sýslu, verði gefin upp sekt sú, sem hann hefir unnið til fyrir það, að hann ekki hefir hlýtt því, sem boðið er í lögum 15. aprílm. 1854, um að koma fyrst inn á einhverja af þeim 6 höfnum, sem nefndar eru í 2. grein laga þessara.

Út af þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörið það beiðanda, að með því allt, sem fram er komið í máli þessu, virðist lúta að því, að skipstjórinn ekki hafi þekkt skyldu sína í þessu efni samkvæmt ofangreindu lagaböði, þá leyfir stjórnarráðið, að sektin í þetta skipti megi niður falla, en beiðandi hafði sótt um, að dómsmálastjórnin skyldi ákveða sektina, ef nokkur yrði, og skuldbundið sig til að greiða þá sekt.

24. októberm. **58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um hvernig vaxta megi fê opinberra stofnana.**

Í bréfi 18. júním. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, spurt um, hvort þér ekki framvegis að minnsta kosti endur og sinnum megið, þegar þess verði óskað, lána fê opinberra stofnana móti veði í kaupstaðarhúsum, sem alþekkt og áreiðanleg erlend brunabótafélög hafa tekið að sér ábyrgð á, ef sá, er lánið þiggur, fær lánardrottni ábyrgðarskrána til geymslu, og sýnir í hvert skipti kvittun fyrir því, að ábyrgðargjaldið hafi verið greitt fyrirfram. Þessu skal þannig svarað, að stjórnarráðinu virðist ísjárvert að leyfa, að fê opinberra stofnana sê komið fyrir á þann hátt, er nú var getið.